

Lífeyrissparnaði tugþúsunda Íslendinga raskað

Í yfirlýsingu stjórnvalda um stuðning við lífsskjarnasamninga kemur fram að sett verði í forgang að hækka lögbundið iðgjald í lífeyrissjóð úr 12% í 15,5% af launum. Jafnframt er kveðið á um að þar af þurfi að lágmarki 12% að renna í samtryggingasjóð og þá geti allt að 3,5% runnið í séreign. Í dag bjóða fimm lífeyrissjóðir upp á að minna en 12% iðgjald fari í samtryggingu og það sem eftir stendur af 15,5% iðgjaldi fari í séreign. Verði þessar breytingar að veruleika verður uppbyggingu og forsendum lífeyrissparnaðar tugþúsunda einstaklinga raskað og valfrelsi sjóðfélaga minnkað verulega.

Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að ráðstafa hluta skylduiðgjalds í séreign og hluta í samtryggingu, sem veitir réttindi til ellilífeyris og áfallalífeyris, en þau réttindi erfast ekki. Kostir séreignar eru að hún erfist, hægt að bjóða upp á mismunandi ávöxtunarleiðir og útgreiðslur eru mun sveigjanlegri en í samtryggingu. Þegar þetta fyrirkomulag var fest í lög árið 1997 var um að ræða víðtæka sátt enda höfðu fulltrúar ólíkra lífeyrissjóða aðkomu að lagabreytingunum, m.a. sjóðir sem voru hreinir séreignarsjóðir fyrir lagabreytingarnar.

Fimm lífeyrissjóðir, nýta sér í dag heimildir laganna til að rástafa lægra en 12% iðgjaldi í samtryggingu. Sem dæmi má nefna að af 15,5% skylduiðgjaldi í Frjálsa lífeyrissjóðinn geta sjóðfélagar valið að 3,4 prósentustig renni í samtryggingu og 12,1 prósentustig í séreign. Um 30 þúsund sjóðfélagar nýta sér árlega kosti séreignarsparnaðar með greiðslu skylduiðgjalds í sjóðina á hverju ári.

Skilyrði um a.m.k. 12% iðgjald í samtryggingu

Verði öllum starfandi einstaklingum gert skylt að greiða 12% af launum í samtryggingu er takmarkað verulega hve stóran hluta af skylduiðgjaldi einstaklingar geta ráðstafað í séreign. Einungis verður hægt að ráðstafa 3,5% af launum í séreign í stað rúmlega 12%. Samsetning lífeyrisréttinda yrði eins hjá flestum sjóðum; 12% af launum í samtryggingu og 3,5% í séreign. Valkostir við uppbyggingu lífeyrissparnaðar og sveigjanleiki við útgreiðslur á eftirlaunaárum myndu minnka verulega sem gætu haft neikvæð áhrif á lífsskjör fólks. Jafnframt má færa fyrir því rök að samkeppni milli sjóða minnki.

Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingu skerða lífeyri frá Tryggingastofnun en það sama gildir ekki um útgreiðslur úr séreign hvort sem þær koma frá skyldusparnaði eða viðbótarsparnaði. Svo virðist sem ástæða fyrir fyrirhuguðum takmörkunum á greiðslum í séreign sé að tryggja að greiðslur úr lífeyrissjóðum vegna 12% iðgjalds skerði lífeyri frá Tryggingastofnun hjá öllum lífeyrisþegum.

Aðrar leiðir til jafnræðis

Með auðveldum hætti er að hægt að koma á jafnræði á tekjutengingum úr lífeyrissjóðum gagnvart lífeyri frá TR án þess að þvinga alla til að greiða 12% iðgjald í samtryggingu. Til dæmis má breyta lögum þannig að sá hluti 12% iðgjalds sem rennur í séreign í framtíðinni verði greiddur út samhliða lífeyri frá TR og skerði jafnframt þann lífeyri. Vissulega mun sveigjanleiki

við útgreiðslur minnka en sjóðfélagar geta safnað áfram stórum hluta iðgjalds í séreign sem hægt væri að ráðstafa í mismunandi ávöxtunarleiðir og myndi erfast við fráfall.

Kallað eftir viðtækara samráði

Það vekur furðu að einu aðilarnir sem sátu við borðið með stjórnvöldum þegar ákvörðun var tekin um forgangsröð breytinga á réttindauppbyggingu lífeyrissjóða voru aðilar á samningssviði SA og ASÍ sem eru í forsvari fyrir sjö lífeyrissjóði af 21 og standa undir minna en 50% af heildareignum lífeyrissjóðanna. Ekkert samráð var haft við við fulltrúa opinberu lífeyrissjóðanna og frjálsu sjóðanna eða Landssamtök lífeyrissjóða sem eru heildarhagsmunasamtök allra lífeyrissjóða í landinu.

Þegar ræddar eru grundvallarbreytingar á lífeyriskerfinu er afar mikilvægt að vandað sé til verka og er full ástæða til að fara í hvítbókarvinnu eins og gert var með fjármálakerfið. Tryggja þarf m.a. að einstaklingar fái nægan lífeyri til framfærslu og bjóðist fjölbreyttir valkostir við samsetningu lífeyrissparnaðar í samtryggingu og séreign. Jafnframt er löngu tímabært að endurskoða ósanngjarnar tekjutengingar lífeyris úr lífeyrissjóðum gagnvart lífeyri frá Tryggingastofnun.

Vonandi bera stjórnvöld gæfu til að hafa ofangreint að leiðarljósi.

Arnaldur Loftsson

framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins